

Söngdagskrá Ísaksskóla 2019-2020

4. – 8. nóvember

Skipulagsdagur á föstudegi

Heimskringla

Stafrófsvísa

Afmælisvísur

Spagettíkarlinn

Ég á þessi föt

Á íslensku má alltaf finna svar

11. – 15. nóvember

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Heimskringla

Stafrófsvísa

Afmælisvísur

Spagettíkarlinn

Ég á þessi föt

Á íslensku má alltaf finna svar

18. – 22. nóvember

Heimskringla

Spagettíkarlinn

Ég á þessi föt

Á íslensku má alltaf finna svar

Hátíð fer að höndum ein (eitt erindi)

Það á að gefa börnum brauð

Á íslensku má alltaf finna svar

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn nema ég og þú.

Íslensk stafrófsvísa

Lag: Höfundur ókunnur

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

A, á, b, d, ð, e, é,

f, g, h, i, í, j, k.

L, m, n, o, ó og p,

eiga þar að standa hjá.

R, s, t, u, ú, v næst,

x, y, ý, svo þ, æ, ö.

Íslenskt stafróf er hér læst

í erindi þessi skrítn tvö.

Ég á þessi föt

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Texti: Jónas Hallgrímsson

Buxur, vesti, brók og skó,

bætta sokka, nýta,

húfutetur, hálsklút þó,

háleistana hvíta.

Spagettíkarlinn

Lag: Haukur Tómasson

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Ég þekki karl sem kann að
kaupa spagettí.

Hann kann víst ekkert annað en
er mjög fær í því.

Nú hyggst ég herma yður
hvernig hann fer að:
Hann fer í búð og biður
búðarfólk um það.

Afmælisvísur

Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Afmæli þú átt í dag,
út af því við syngjum lag
sama daginn sem er nú,
sannarlega fæddist þú.

∴ Til hamingju með heilladaginn þinn!
Heillakarlinn minn! ∴

Allt þér gangi vel í vil
vertu áfram lengi til
allt þér verði hér í hag,
höldum upp á þennan dag.

∴ Til hamingju með heilladaginn þinn!
Heillakerlingin! ∴

Heimskringla

Lag: Tryggvi M. Baldvinsson
Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Heimskringla var heimsk og ringluð kind
sem hélt hún væri önd og síst nein rolla.
Hún endaði sem algjör hryggðarmynd
ein og blaut við tjarnir vötn og polla.

Hún sagði bara BRA en aldrei ME
og brauð hún vildi en hvorki mjólk né töðu.
Svona er það sem skandalarnir ske:
Hún skildi hvorki hlutverk sitt né stöðu.

Ef fundið var að því fór hún strax í vörn
og fullyrt er að hún sé enn á sveimi
og sé að reyna að synda niðri á Tjörn
sem er stærsta brauðsúpa í heimi.

Það á að gefa börnum brauð

Lag: Jórunn Viðar
Gömul þula

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð
og klæðin rauð og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð
og Grýla dauð og Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

Hátíð fer að höndum ein

Íslenskt þjóðlag
Gömul þjóðvísa

Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Gerast mun nú brautin bein,
bjart í geiminum víðum.
Ljómandi kerti á lágri grein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.